



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Borgarráð Reykjavíkur
Heiða Björg Hilmsdóttir
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Kópavogur, 19. september 2025
1510002 ÁÓ

Efni: Starfs- og fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins 2026

Á 140. fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, sem fram fór 12. september síðastliðinn, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

Fyrirliggjandi til samþykktar er tillaga að fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar fyrir árið 2026. Svæðisskipulagsstjóri kynnti tillöguna.

Niðurstaða fundar:

Samþykkt að senda fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar til aðildarsveitarfélaga SSH vegna fjárhagsáætlunargerðar þeirra fyrir árið 2026.

Afgreiðsla sveitarfélaga:

Meðfylgjandi eru tillögur að annars vegar fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar fyrir 2026 og hins vegar tillaga að starfsáætlun nefndarinnar fyrir tímabilið janúar 2026 til maí 2026.

Er farið fram á að þessar tillögur verði teknar til efnislegrar umræðu og samþykktar á vettvangi sveitarfélgasins.

Er þess óskað að upplýsingar um afgreiðslu sveitarfélaganna samkvæmt framangreindu berist á netfangið ssh@ssh.is eigi síður en 16. október nk. Sé frekari upplýsinga eða kynningar óskað á framangreindu skulu beiðnir þess efnis jafnframt sendar á netfangið ssh@ssh.is.

Fylgigögn:

Tillaga að fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar fyrir árið 2026.

Tillaga að starfsáætlun nefndarinnar janúar 2026 til júní 2026.

Virðingarfyllst,

Ásdís Ólafsdóttir
svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar 2026

	Áætlun 2026
Svæðisskipulagsnefnd og svæðisskipulagsstjóri	29,638,744
Skrifstofa SSH	5,000,000
Verkefnakostnaður	5,000,000
Samtals	39,638,744

Mannfjöldi sveitarfélaga 1. september 2025

Reykjavík	146,544	56.0%	22,208,196
Kópavogur	41,458	15.9%	6,282,805
Seltjarnarnes	4,775	1.8%	723,633
Garðabær	21,055	8.0%	3,190,807
Hafnarfjörður	33,200	12.7%	5,031,336
Mosfellsbær	14,212	5.4%	2,153,776
Kjósarhreppur	318	0.1%	48,192
Samtals	261,562	100.0%	39,638,744

Svæðisskipulagsnefnd8,748,459

Forsendur:

Þingfararkaup janúar - júní		1,611,288
Greitt fyrir fund	3%	48,339
Með launatengdum gjöldum	18.58%	8,981
Samtals með launatengdum gjöldum		57,320
Fullmæting (formaður sem tveir)	15	859,799 pr.fundur
Fundir á árinu	5	4,298,997
Þingfararkaup áætlun júlí - desember		1,667,683
Greitt fyrir fund	3%	50,030
Með launatengdum gjöldum	18.58%	9,296
Samtals með launatengdum gjöldum		59,326
Fullmæting (formaður sem tveir)	15	889,892 pr.fundur
Fundir á árinu	5	4,449,462

Svæðisskipulagsstjóri

Laun og launatengd gjöld	20,890,285
Samtals svæðisskipulagsnefnd og svæðisskipulagsstjóri	29,638,744

Fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar 2026

	Raun. M01-07 Áætlað M08-12 2025	Samþykkt fjárhagsáætlun 2025	Áætlun 2026
Tekjur			
Framlög aðildarsveitarfélaga	37,902,926	37,902,930	39,638,744
Samtals	37,902,926	37,902,930	39,638,744
Laun og rekstur			
Launakostnaður svæðisskipulagsstjóra og nefndar	(28,353,718)	(27,902,930)	(29,638,744)
Leiga og skrifstofukostnaður SSH	(5,000,000)	(5,000,000)	(5,000,000)
Samtals	(33,353,718)	(32,902,930)	(34,638,744)
Verkefnakostnaður svæðisskipulagsnefndar			
Vatnsveitumál	(49,800)		
Ferðavenjukkönnun	(4,250,000)		
Kortasjá uppfærsla	(700,000)		
Verkefni v. framfylgdar svæðisskipulags	(2,000,000)		
Verkefnakostnaður		(10,000,000)	(8,000,000)
Samtals verkefnakostnaður	(6,999,800)	(10,000,000)	(8,000,000)
Rekstrarniðurstaða	(2,450,592)	(5,000,000)	(3,000,000)
Áætluð staða í sjóði í byrjun árs	8,876,136	8,823,312	6,425,544
Rekstur ársins	(2,450,592)	(5,000,000)	(3,000,000)
Áætluð staða í sjóði í lok árs	6,425,544	3,823,312	3,425,544

9/9/2025

Lagt fyrir 140. fund, þann 12. september 2025

ÁÓ

Tillaga að dagskrá svæðisskipulagsnefndar vorið 2026.

Fundur nr.	Dagsetning	Nánar
144	16. janúar	Hefðbundinn fundur
145	13. febrúar	Hefðbundinn fundur
146	13. mars	Möguleg heimsókn til sveitarfélags
147	10. apríl	Hefðbundinn fundur
148	8. maí	Hefðbundinn fundur

Fundartími er föstudaga 13:30 – 15:30 nema annað sé tekið fram í fundarboði.

Staðsetning er í Hamraborg 9, 200 Kópavogi, nema annað sé tekið fram í fundarboði.



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Reykjavík, 27. október 2025

MSS25090100

UMSÖGN

Efni: Tillaga að starfs- og fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins 2026

Visað er til bréfs svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins, dags. 19. september 2025, þar sem lögð er fram tillaga að starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2026.

Lagt er til að á árinu 2026 verði gert ráð fyrir að áætluð heildarútgjöld verði tæplega 40 m.kr., þar af fimm milljónir króna í verkefnakostnað og fimm milljónir króna í rekstur skrifstofu Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH). Þá er lagt til að laun fulltrúa svæðisskipulagsnefndar miði við 3% af þingfarakaupi auk launatengdra gjalda, líkt og liðin ár. Launakostnaður svæðisskipulagsnefndar og svæðisskipulagsstjóra er áætlaður tæplega 29,7 m.kr. Gert er ráð fyrir að nefndin fundi tíu sinnum á ári.

Sá kostnaður sem áætlað er að falli á Reykjavíkurborg vegna verkefna svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins miðast við hlutfallsskiptingu íbúafjölda þann 1. september 2025 og er 56% eða sem nemur rúmlega 22 m.kr. fyrir árið 2026. Hækkun milli ára nemur rúmlega 2 m.kr. og er gjaldfært á umhverfis- og skipulagssviði. Ekki var gert ráð fyrir þessari hækkun í fjárhagsáætlun sem er 2 m.kr. á milli ára eða um 9%. Fjármála- og áhættustýringarsvið leggur til að meðhöndlun þessa verði rýnd í upphafi næsta árs í samráði við umhverfis- og skipulagssvið.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs



Reykjavík